



# Ársskýrsla starfsárið 2018-2019

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, formaður LFÍ

28.maí 2019

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>1</b>
<b>Aðalfundur 2018</b>	<b>2</b>
<b>Stjórn LFÍ 2018-2019</b>	<b>2</b>
<b>Vefsíða</b>	<b>3</b>
<b>Húsnæði</b>	<b>3</b>
<b>Norrænt samstarf</b>	<b>3</b>
<b>Norrænu lýsingarverðlaunin 2018</b>	<b>4</b>

## Aðalfundur 2018

Aðalfundur Ljóstæknifélags Íslands var haldinn í húsnæði Rafiðnaðarskóla Íslands að Stórhöfða 27 þann 7. maí. Dagskrá var hefðbundin, í samræmi við það sem segir í lögum félagsins. Helstu atriði sem rædd voru á fundinum voru, heimasíðan, lagabreytingar þ.e fækkun úr 7 í 5 stjórnarmenn samþykkt sem og viðburðir ársins; Íslensku lýsingarverðlaunin 2018, Perfect Light á Vetrarhátíð og skoðunarferð í Atlantic studio með Luxor. Félagsgjöld á fyrirtæki voru hækkuð en stjórn ræddi mögulegar breytingar á félagsgjöldum á næsta ári og ábending kom um að fyrirtæki vildu almennt greiða meiri félagsgjöld og sjá þ.a.l meiri virkni í félaginu. Samþykkt var að skoða þessi mál fyrir næsta aðalfund.

## Stjórn LFÍ 2018-2019

Ný stjórn félagsins var kosin á aðalfundinum. Stjórn var þannig skipuð:

*Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, formaður*

*Örn Guðmundsson, gjaldkeri*

*Tinna Kristín Þórðardóttir, ritari*

*Stefán Agnar Hjörleifsson, meðstjórnandi*

*Lára Sigríður Örlygsdóttir, meðstjórnandi*

Haldnir voru 4 stjórnarfundir á liðnu starfsári. Þar voru til umfjöllunar og afgreiðslu þau mál sem félagið vannur að hverju sinni.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu málum sem unnið var að á starfsárinu.

## Vefsíða

Vinna við hönnun og útfærslu á nýrri vefsíðu félagsins hófst strax á nýju starfsári og sá vefhönnunarstofan Allra átta um verkið. Skemmst er frá því að segja að vefurinn fór í loftið á alþjóðlegum degi ljóssins þann 16.maí sl.

Vefurinn mun koma til með að þjóna bæði félagsmönnum og almenningi betur í framtíðinni með markvissari framsetningu á fræðsluefni um ljós. Einnig er búið að bæta skráningu í félagið, gera hana aðgengilegri. Samhliða hönnun á nýrri vefsíðu hefur verið skoðað að fá ráðgjöf í efnissköpun á samfélagsmiðlum og vefsíðu.

## Húsnæði

LFÍ gaf Rafiðnaðarskólanum nú Rafmennt leyfi til að nota fundaraðstöðu félagsins á 3.hæð í þeirra húsnæði í Stórhöfða 27 til báðabirgða notkunar undir skrifstofu þar sem breytingar eru á 1.hæð hússins. Einnig gaf félagið ASÍ leyfi til að nota aðstöðuna niðri á kjallara til geymslu listaverka þar til hentugt húsnæði fékkst. ASÍ hefur nú flutt listaverkin í næsta hús en stjórn LFÍ fundar nú til skiptis á vinnustað nefndarmanna, það hefur gefist vel því aðstaðan á 3.hæðinni er bæði lítil og enginn skjár til staðar. Formaður félagsins fór í að skoða þau gögn sem eru til staðar í geymslu Rafmenntar en þar eru bæði skjöl, rit og húsgögn. Farið var í að henda ritum sem eru ekki lengur í sölu en nokkrir kassar teknir til hliðar í geymslu af hverju riti. Fara þarf í gegnum skjöl sem þarna eru og húsgögn, einnig þarf að skoða húsnæðismál félagsins í náinni framtíð.

## Norrænt samstarf

Norrænu félögin hittust ekki á skipulögðum fund þetta starfsárið fyrir utan þegar allir komu saman vegna Norrænu verðlaunanna í september. Ekki þótti þörf á frekari fundum en tölvupóstsamskipti eru regluleg á milli félaganna.

## Norrænu lýsingarverðlaunin 2018

Norrænu lýsingarverðlaunin eða Nordisk lyspris (e.Nordic lighting design awards) voru haldin í Helsinki þann 12. september 2018. Finnar sáu um skipulagningu og verðlaunin í þetta skiptið og tóku við heimasíðu verðlaunanna sem Arnar grafískur hönnuður hjá Helsinki teiknistofu útbjó með LFÍ fyrir verðlaunin sem haldin voru á Íslandi 2016 sem þótti takast vel til og verður haldið áfram með sem opinber síða verðlaunanna [www.nordisklyspris.com](http://www.nordisklyspris.com)

# NORDISK LYSPRIS

Tvö verkefni fóru út fyrir Íslands hönd, Raufarhólshellir og LAVA Centre sýningarhluti, en hvert land sendir inn tvö verkefni. Verkefnin tvö voru valin af dómnefnd hér á landi til þáttöku í Norrænu verðlaununum. LFÍ bauð 3 aðilum frá hverju verkefni ferðastyrk upp á kr. 50.000- sem almenn ánægja var með. Þeir Ágúst Gunnlaugsson og Arnar Leifsson frá Eflu kynntu verkefnið Raufarhólshellir eða Lava Tunnel og Marcos Zotes frá Basalt arkitektum kynnti verkefnið LAVA Centre, en einnig voru með í för þeir Guðjón L. Sigurðsson frá Lisku og Samúel Hörðdal Jónasson frá Gagarín hönd LAVA Centre verkefnisins. Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, formaður LFÍ fór fyrir hönd Íslands sem dómari.





*Raufarhólshellir - Lava Tunnel*



Lava Centre exhibition

Danir urðu hlutskarpastir að þessu sinni en verkefnið The Wadden Sea Centre í Vester Vedsted, Danmörku þótti bera alla þá þætti norrænnar lýsingarhönnunar sem dæmt er eftir skv. skilgreiningum verðlaunanna.



*The Wadden Sea Centre*

Hér er umsögn dómnefndar:

*“The Wadden Sea Centre represents Nordic lighting design at its finest with the daylight and artificial light merging into a subtle yet immersive experience”, says Tapio Kallasjoki, chairman of the jury.*

*Jury further states, “The project is complex and multilayered – strati, both visually and on meaning, yet subtle and calm. The tinted light is softly caressing the fragile ephemeral realms of birds. The hierarchy of the exhibition can clearly be seen through different layers of light. The soft daylight and artificial light are tuned into a harmony. The installation is realised by carefully designed lighting fixtures and rail system with modern control technologies which are even remotely monitored. The result is a holistic Nordic lighting design solution.”*